

Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 11. júní í máli nr. E-1252/2017:

Þorsteinn Hjaltested

(Sigurbjörn Ársæll Þorbergsson lögmaður)

gegn

Friðriki Ragnari Jónssyni

(Friðrik Árni Friðriksson lögmaður)

Mál þetta, sem var dómtekið 31. maí sl., er höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur af Þorsteini Hjaltested, Vatnsenda, Kópavogi, á hendur Friðriki Ragnari Jónssyni, Öldugötu 16, Reykjavík, með stefnu birtri 7. apríl 2017.

Stefnandi krefst þess að stefnda verði gert að greiða honum 118.876.391 kr., auk dráttarvaxta skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá 1. nóvember 2013 til greiðsludags, auk málskostnaðar skv. mati dómsins.

Stefndi krefst þess aðallega að málinu verði vísað frá dómi, en til vara að stefndi verði sýknaður af kröfum stefnanda. Þá krefst stefndi málskostnaðar.

Með tölvuskeyti dómara dags. 12. desember 2017 var lögmönnum tilkynnt að málið yrði flutt í einu lagi, þ.e. bæði um frávísunarkröfu stefnda og efnislega, sbr. 2. mgr. 100. gr. laga um meðferð einkamála.

I

Hinn 22. mars 2007 setti stefnandi að veði peningamarkaðsbréf að nafnverði 120.000.000 kr. til tryggingar skuldum Grænna Lausna ehf., Reykjahlíð í Skútustaðahreppi. Um var að ræða veð til tryggingar öllum skuldum félagsins við Landsbanka Íslands hf. Ætlunin var þó að veðið yrði einungis í peningamarkaðsbréfum að raunvirði 120.000.000 kr. og breytti Landsbanki Íslands hf. handveðsyfirlýsingunni einhliða til lækkunar síðar í nafnverð 5.000.000 kr.

Hinn 23. mars 2007 rituðu stefndi, persónulega og fyrir hönd Silfurtúns ehf. og Ólafur H. Jónsson undir svohljóðandi yfirlýsingu: „Við undirritaðir aðilar staðfestum hér með að við ábyrgjumst með sjálfskuldarábyrgð efnidir Grænna Lausna ehf. á láni því sem félagið hefur tekið hjá Landsbanka Íslands hf. dags. 22.3.2007 og tryggt er með handveðsetningu þessari og tryggja skaðleysi Þorsteins af handveðsetningu hans. Jafnframt ábyrgjumst við greiðslu vaxtaaukans samkvæmt ofangreindri skuldbindingu Grænna Lausna ehf. dags. í dag.“ Nefndur vaxtaauki er gerður á bakhlið handveðsyfirlýsingarinnar hinn 23. mars 2007. Þar staðfesta Ólafur H. Jónsson og Jónas A. Aðalsteinsson hrl. fyrir hönd Grænna Lausna ehf. að Grænar Lausnir muni greiða stefnanda 3% vaxtaauka við þá vexti er Grænar Lausnir ehf. greiði af láni félagsins hjá Landsbanka Íslands hf. frá 22. mars

2007 og tryggt sé með handveðsetningunni. Bú Silfurtúns ehf. og Ólafs H. Jónsson hafa verið tekin til gjaldþrotaskipta.

Á umræddum tíma voru Grænar lausnir ehf. að langstærstum hluta í eigu félagsins artP ehf. Það félag var í jafnri eigu stefnanda, Ólafs H. Jónssonar, Jónasar A. Aðalsteinssonar og Silfurtúns ehf., sem áttu hver um sig 25% eignarhlut. Silfurtún ehf. var síðan í fullri eigu stefnda. Stefnandi sat jafnframt í stjórnnum artP ehf. og Grænna Lausna ehf. Krafa Landsbanka Íslands hf. á Grænar Lausnir ehf. var ásamt veðskuldbindingu stefnanda færð yfir til Landsbankans hf. með ákvörðun Fjármálaeftirlitsins frá 9. október 2008. Grænar Lausnir ehf. var tekið til gjaldþrotaskipta 5. nóvember 2010 og hinn 22. apríl 2013 gekk Landsbankinn hf. að hinum veðsettu peningamarkaðsbréfum og ráðstafaði 118.876.391 kr. inn á gengistryggt lán nr. 0111-36-7321, upphaflega 100.000.000 kr. frá 22.3.2007, og um 19.000.000 kr. inn á yfirdráttarskuld Grænna Lausna ehf.

Stefnandi lét reyna á gildi handveðsyfirlýsingarinnar gagnvart Landsbankanum hf. og krafðist endurgreiðslu veðsins úr hendi Landsbankans hf. en með dómi Hæstaréttar í máli nr. 489/2016 frá 30. mars 2017 var þeirri kröfu hafnað. Í kjölfarið höfðaði stefnandi mál þetta. Ekki var mætt af hálfu stefnda við þingfestingu málsins og var málið dómtekið og stefna árituð um aðfararhæfi 11. júlí 2017. Stefndi fór hinn 12. september 2017 fram á endurupptöku málsins með vísan til 1. mgr. 137. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Málið var endurupptekið með ákvörðun Héraðsdóms Reykjavíkur 29. september 2017, án mótmæla stefnanda.

II

Stefnandi hafnar frávísunarkröfu stefnda og byggir á því að stefnan hafi verið birt með lögmætum hætti. Vottorð stefnuvotta teljist gilt þar til hið gagnstæða sannist, sbr. 3. mgr. 87. gr. laga 91/1991. Þá sé málatilbúnaðurinn í samræmi við ákvæði einkamálalaga.

Stefnandi byggir á því að hann eigi fjárkröfu á hendur stefnda sem beri ábyrgð, skv. loforði sínu, gagnvart stefnanda á því tjóni sem hann varð fyrir 22. apríl 2013 þegar Landsbankinn hf. leysti einhliða til sín söluverð hinna veðsettu peningamarkaðsbréfa ásamt áföllnum vöxtum, á innlausnardegi 137.876.391 kr. Einnig að stefndi sé skuldbundinn af loforði sínu gagnvart stefnanda um að hann muni persónulega greiða skuld Grænna Lausna ehf. við Landsbankann hf. og halda stefnanda skaðlausum af veðsetningunni. Byggt sé á því að í yfirlýsingu stefnda felist loforð um að greiða persónulega skuldir Grænna Lausna ehf. við Landsbankann svo stefnandi verði ekki fyrir tjóni af því að veðsetja peningamarkaðsbréf sín. Stefndi sé bundinn af persónulegu loforði sínu og beri að

efna það gagnvart stefnanda. Þar sem Landsbankinn hf. gekk að handveðinu hafi stefnandi orðið fyrir tjóni sem nemi stefnufjárhæð máls þessa og stefnda beri að greiða honum á grundvelli loforðs hans um að halda stefnanda skaðlausum af handveðsetningunni.

Stefnandi áréttar að loforð stefnda taki einungis til láns sem tekið var 22.3.2007, upphaflega 100.000.000 kr., og byggir hann einungis á þeirri fjárhæð sem tekin var af hinu veðsetta sem greiðslu upp í það lán. Dráttarvaxta sé krafist 30 dögum frá því að lögmanni stefnda voru send gögn sem sýndu fram á að Landsbankinn hafði tekið sér greiðslu af handveðinu sem stefndi hafði ásamt fleirum lofað að halda stefnanda skaðlausum af.

III

Stefndi telur að vísa eigi málinu frá dómi. Krafan byggist á eftirfarandi málsástæðum.

Byggt sé á því að stefnan hafi ekki verið löglega birt eftir reglum laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Samkvæmt 2. mgr. 85. gr. laga nr. 91/1991 skuli stefna að jafnaði birt fyrir stefnda sjálfum á skráðu lögheimili hans eða þar sem hann hefur fasta búsetu, dvalarstað eða vinnustað. Samkvæmt a-lið 3. mgr. sömu lagagreinar sé birting einnig lögmat þótt hún fari ekki fram skv. 2. mgr., m.a. ef birt er á skráðu lögheimili stefnda fyrir heimilismanni hans, en sé heimilismanns ekki kostur megi birta fyrir þeim sem dvelst á skráðu lögheimili stefnda, en sé ekki um neinn slíkan heldur að ræða megi birta fyrir þeim sem hittist þar fyrir.

Í birtingarvottorði segi að stefna hafi verið birt á lögheimili stefnda, Öldugötu 16, föstudaginn 7. apríl 2017, kl. 16:32, fyrir manni að nafni Sæmundur Sævarsson. Í reitnum „Tengsl við þann sem birting beinist að“ á birtingarvottorðinu segir það eitt að Sæmundur hafi verið „þar staddur“. Samkvæmt athugun stefnda mun Sæmundur vera varastefnuvottur í Reykjavík.

Eiginkona stefnda, Kesara Jónsson, og dóttir þeirra, Salóme Friðriksdóttir, voru staddar heima á Öldugötu 16 á eftirmiðdegi föstudagsins 7. apríl, kl. 16:32, þ.e. á þeim tíma sem birtingarvottorð segir að stefna hafi verið birt fyrir fyrrnefndum Sæmundi á því heimilisfangi. Fyrr um daginn hafði Kesara verið við útför náins fjölskylduvinar, Páls Vígkonarsonar. Hún hafi ekki farið í erfidrykkju heldur farið beint heim á Öldugötu 16 að útför lokinni og verið þar það sem eftir lifði föstudags. Hafi hún verið komin heim um kl. 15:00. Um svipað leyti, milli 15:00 og 16:00, hafi Salóme komið heim frá skóla og einnig verið heima það sem eftir lifði dagsins. Hvorug þeirra hafi orðið vör við stefnuvott, hvað þá tvo, koma að húsinu, né hafi verið reynt að ná tali af þeim meðan þær voru á heimilinu, t.d. með því að hringja dyrabjöllu eða í heimasíma/farsíma. Liggi þannig fyrir að þær

mæðgur voru heima á þeim tíma sem birtingarvottorð kveður stefnu hafa verið birta þar fyrir Sæmundi.

Sjálfur hafi stefndi verið staddur í Kanada á þessum tíma. Daginn áður, fimmtudaginn 6. apríl, hafi stefnuvottur haft samband við stefnda símleiðis og spurst fyrir um hvort stefndi tæki sjálfur við stefnu máls þessa. Stefndi svaraði því neitandi enda staddur erlendis. Í framhaldi af símtalinu hafi stefndi látið Kesöru vita að stefnuvottur væri hugsanlega á leiðinni á Öldugötu með stefnu og hafi Kesara því búist við heimsókn frá honum. Að morgni laugardagsins 8. apríl 2017 hafi Kesara fundið afrit stefnu málsins í umslagi í anddyri íbúðarinnar. Umslagið hafi ekki verið komið inn um póstlúguna þegar Kesara gáði seint kvöldið áður. Stefndi telur því ljóst að stefnunni hafi ekki verið komið til skila fyrr en í fyrsta lagi fyrir hádegi á laugardegi 8. apríl. Það breyti þó ekki kjarna málsins, það er að stefnan hafi aldrei verið birt fyrir Kesöru eða Salóme, og engin tilraun gerð til þess að birta hana fyrir þeim.

Þá byggir stefndi á því að málatilbúnaður stefnanda sé vanreifaður. Það skorti á lýsingu á því tjóni sem stefnandi telur sig hafa orðið fyrir, hvernig það sé nákvæmlega til komið og hvernig umfang þess (fjárhæð) sé reiknað út. Ekki komi fram hvort stefnandi hafi reynt að takmarka tjón sitt, svo sem með kröfum á hendur Ólafi H. Jónssyni. Þá sé byggt á því að málsgrundvöllurinn sé óljós.

Verði ekki fallist á frávísun málsins byggir stefndi sýknukröfu sína á eftirfarandi málsástæðum:

Í fyrsta lagi byggist krafan á fyrningu. Krafan sé reist á yfirlýsingu sem stefndi o.fl. gáfu út til Landsbanka Íslands hf. 22. mars 2007. Stefndi telur ljóst að hvers kyns kröfuréttindi, sem hugsanlega var stofnað til með umræddri yfirlýsingu fyrir meira en tíu árum síðan, og sem fynast á ekki lengri tíma en fjórum árum, hljóti ávallt að vera fallin niður fyrir fyrningu, hvort heldur sem byggt sé á reglum þágildandi laga nr. 14/1905 um fyrning skulda o.fl., eða laga nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda. Jafnvel þótt upphafstími fyrningar yrði miðaður við síðara tímamark myndi krafa stefnanda, sé hún á annað borð fyrir hendi, einnig teljast fyrnd.

Þá sé byggt á ólögfestum reglum um tómlæti. Málið sé sprottið af láni Landsbanka Íslands hf. til Grænna Lausna ehf. á árinu 2007 og ráðstöfun á handveði vegna þess láns, en Landsbankinn hf. gekk að „söluandvirði“ handveðsins á árinu 2013. Eftir að hafa átt í samskiptum við lögmann stefnanda sama ár hafi stefndi ekkert fregnað af málinu í nokkur ár á eftir. Hafi stefndi því litið svo á að málinu væri lokið gagnvart sér, og það sér raunar óviðkomandi. Var það ekki fyrr en löngu síðar, eða 2017, sem stefnandi hafi leitast við að framfylgja ætluðum réttindum sínum gagnvart stefnda. Stefndi telur óhjákvæmilegt að líta svo á að

stefnandi hafi með stórfelldu tómlæti sínu glatað ætlaðri kröfu á hendur stefnda. Sú staðreynd að meira en tíu ár séu liðin frá þeim lánsviðskiptum, sem málið sé sprottið af, geri stefnda einnig enn erfiðara um vik að halda uppi vörnum, afla gagna þeim til stuðnings o.fl.

Í öðru lagi byggist sýknukrafa stefnda á því að ósannað sé að stefnandi sé réttur eigandi þeirra hagsmuna sem hann reisir málatilbúnað sinn á, sbr. 2. mgr. 16. gr. laga nr. 91/1991. Fyrir liggi að stefnandi hafi um langt skeið átt í réttarágreiningi sem snúist hafi m.a. um eignarréttindi yfir jörðinni Vatnsenda, (sem stefnandi telur sig eiganda að) og skipti dánarbús Sigurðar Kristjáns Lárussonar Hjaltested, en engin tók séu á að lýsa þessum ágreiningi í smáatriðum hér. Hafi sá ágreiningur stefnanda o.fl. orðið kveikjan að fjölda dómsmála, sem ýmist hafi verið dæmt í, sbr. til dæmis dóma Hæstaréttar í málum nr. 599/2009, nr. 375/2011 og nr. 408/2016, eða séu enn til meðferðar fyrir dómstólum. Framangreindur ágreiningur, og niðurstöður dómsmála sem sprottin séu af honum, gefi að mati stefnda tilefni til að draga verulega í efa að stefnandi sé réttur eigandi að jörðinni Vatnsenda og réttur viðtakandi verðmæta, t.d. eignarnámsbóta, sem fallið hafa til vegna jarðarinnar. Að sama skapi sé verulegum vafa undirorpið hvort stefnandi hafi nokkurn tíma verið réttur eigandi peningabréfanna, sem krafa hans í máli þessu sé sprottin af, enda standi líkur til þess að bréfin séu afrakstur verðmæta sem stefnanda hafi áskotnast vegna Vatnsenda, ranglega að því er virðist, sbr. fyrrgreind dómsmál. Eins og atvikum sé háttað, og í ljósi þeirrar réttaróvissu sem ríkir um fjárhag og eignir stefnanda vegna ofangreindra deilumála, beri stefnandi sönnunarbyrði fyrir því að hann hafi verið lögmætur eigandi þeirra peningabréfa sem kröfur hans lúta að. Þá sönnunarbyrði hafi stefnandi ekki axlað. Beri því að sýkna stefnda vegna aðildarskorts stefnanda, sbr. 2. mgr. 16. gr. laga nr. 91/1991.

Í þriðja lagi byggir stefndi á því að fyrrgreind yfirlýsing stefnda o.fl. verði ekki skýrð með þeim hætti sem stefnandi leggi til grundvallar. Byggir stefndi á því að yfirlýsingin hafi einungis falið í sér sjálfskuldarábyrgð til handa Landsbanka Íslands hf. (nú Landsbankinn hf.), til tryggingar á láni til Grænna Lausna ehf., en yfirlýsingin hafi ekki, eftir tilurð eða efni sínu, skapað stefnanda sjálfstæðan rétt á hendur stefnda.

Eftir hljóðan yfirlýsingarinnar staðfestu stefndi o.fl. að „við ábyrgjumst með sjálfskuldarábyrgð efndir Grænna Lausna ehf. á láni því sem félagið hefur tekið hjá Landsbanka Íslands hf. dags. 22. 3. 2007 og tryggt er með handveðsetningu (sic) þessari og tryggja skaðleysi [stefnanda] af handveðsetningu hans ...“ Í yfirlýsingunni felist ekki annað og meira en að stefndi hafi skuldbundið sig, ásamt Ólafi H. Jónssyni og Silfurtúni ehf., til að ábyrgjast endurgreiðslu á umræddu láni gagnvart lánveitanda, Landsbanka Íslands hf. Með þeirri sjálfskuldarábyrgð hafi

jafnframt verið dregið úr áhættu stefnanda sem veðsala, þ.e. með því að bankinn gat einnig gengið að stefnda, Silfurtúni ehf. og Ólafi til fullnustu lánskuldur Grænna Lausna ehf. Grænar lausnir ehf. voru í óbeinni eigu stefnanda, Silfurtúns ehf. (í eigu stefnda), Ólafs og Jónasar A. Aðalsteinssonar að jöfnu.

Yfirlýsingin verði hins vegar ekki skilin á þann veg að hún feli í sér loforð til stefnanda, sem skapi stefnanda rétt beint á hendur yfirlýsingargjöfum, hvað þá að hún feli í sér „skaðleysisábyrgð“ þeirra gagnvart stefnanda vegna veðsetningar hans í þágu Grænna Lausna ehf. Sá skýringarkostur eigi sér ekki stoð í yfirlýsingunni, rétt skýrðri, og sé raunar fráleitur þegar horft sé til þess að lánið til Grænna Lausna ehf. var stefnanda sjálfum til hagsbóta í ljósi 25% eignarhlutar hans í artP ehf., sem átti mestallt hlutafé í Grænum lausnum ehf. Það sé m.ö.o. afar langsótt að stefnandi hafi, sem einn af (óbeinum) eigendum Grænna Lausna ehf., átt að standa umtalsvert betur að vígi en aðrir hluthafar að þessu leyti. Verði að skýra yfirlýsinguna í ljósi tilurðar, orðalags og augljóss tilgangs hennar, þ.e. að hún hafi einungis falið í sér loforð til Landsbanka Íslands hf., í formi sjálfskuldarábyrgðar stefnda o.fl. á láni Grænna Lausna ehf., til viðbótar tryggingu sem stefnandi veitti í formi handveðs. Að sama skapi verði að hafna þeim skýringarkosti sem stefnandi virðist byggja á, enda feli hann í sér að stefnandi sé mun betur settur en aðrir (óbeinir) hluthafar Grænna Lausna ehf., þ.e. Silfurtún ehf. og Ólafur, án þess að nokkur haldbær rök standi til þess og sé raunar ekkert sem styðji svo rúma og óvenjulega skýringu á yfirlýsingunni. Að auki sé áréttað að yfirlýsingunni var ekki beint til stefnanda heldur lánveitandans, Landsbanka Íslands hf. Mæli það eindregið gegn því að yfirlýsingin hafi falið í sér loforð eða ábyrgð til stefnanda, sem eigi sér auk þess enga rökræna stoð, m.a. í ljósi þess hvernig eignarhaldi á Grænum lausnum ehf. var háttað. Stefndi minnst þess heldur ekki að stefnandi hafi átt aðkomu að gerð umræddrar yfirlýsingar, enda var hún þáttur í innbyrðis lögskiptum yfirlýsingargjafa og bankans.

Með hliðsjón af framangreindum atriðum, og þar sem málatilbúnaður stefnanda eigi sér ekki stoð í yfirlýsingunni, beri að sýkna stefnda. Að auki geti stefnandi ekki talist réttur aðili til að hafa uppi kröfu um að stefndi greiði „skuldir Grænna Lausna ehf. við Landsbankann“, sbr. 2. mgr. 16. gr. laga nr. 91/1991, sem einnig leiði til sýknu stefnda.

Í þessu sambandi sé áréttað að stefndi átti enga aðkomu að ráðstöfun handveðsins. Ef stefndi hefði verið í „skaðleysisábyrgð“ gagnvart stefnanda vegna handveðsins, svo sem stefnandi virðist halda fram (og stefndi hafnar), þá hefði borið að gefa stefnda kost á að gæta hagsmuna sinna vegna ráðstöfunar þess. Hvað sem öllu öðru líði verði yfirlýsingin aldrei skýrð á þann hátt að stefndi sé einn ábyrgur fyrir öllu hugsanlegu tjóni stefnanda, þ.e. að yfirlýsingargjafar beri óskipta

(solidaríska) ábyrgð hver um sig, heldur myndi slík ábyrgð í öllu falli skiptast á milli þeirra að tiltölu. Leiði framangreind atriði, hvert og eitt og saman, til sýknu stefnda.

Í fjórða lagi byggir stefndi á því að ósannað sé að stefnandi hafi orðið fyrir tjóni vegna ráðstöfunar á fyrrgreindu handveði, sem talist geti á ábyrgð stefnda, verði slík víðtæk og hlutlæg „skaðleysisábyrgð“ á annað borð talin felast í yfirlýsingunni.

Í stefnu sé því í engu lýst hvernig söluandvirði peningabréfanna, sem krafa stefnanda grundvallast á, sé fundið út eða hvernig það sundurliðast, eða hvernig sölu veðandlagsins hafi borið að áður en Landsbankinn hf. mun hafa leyst til sín söluandvirðið. Verði þannig engu slegið föstu um það hvort eða að hvaða marki ætlað tjón stefnanda megi rekja til sölu/innlausnar veðandlagsins, eða hvort það eigi sér aðrar orsakir. Ætlað tjón stefnanda sem og orsakasamband milli þess og ráðstöfunar handveðsins teljist því ósannað, auk þess að vera vanreifað. Verður stefnandi að bera halla af óskýrleika og sönnunarskorti hvað þessi atriði snertir. Með því að ósannað sé að stefnandi hafi orðið fyrir tjóni og hvert umfang þess sé beri að sýkna stefnda.

Þessu til viðbótar byggir stefndi á því að ósannað sé að stefnandi hafi leitast við að takmarka ætlað tjón sitt, þ.m.t. með því að hafa uppi kröfu á hendur Silfurtúni ehf. eða Ólafi H. Jónssyni, sem rituðu sem fyrr segir undir þá yfirlýsingu sem deilt er um í málinu ásamt stefnda.

Í fimmta lagi byggist sýknukrafa stefnda á því að hann sé óskuldbundinn af fyrrgreindri yfirlýsingu, enda beri að víkja henni til hliðar á grundvelli 36. gr. laga nr. 7/1936 um sammingsgerð, umboð og ógilda löggæringa. Byggir stefndi m.a. á því að það sé ósanngjarnt af hálfu stefnanda að bera fyrir sig umrædda yfirlýsingu í ljósi efnis hennar og atvika við sammingsgerð, svo og stöðu aðila og atvika sem síðar komu til, sbr. 2. mgr. fyrrnefndrar lagagreinar. Í öllu falli beri að lækka hana verulega, með vísan til almennrar lækkunarreglu 24. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, sem beitt verður annaðhvort eftir efni sínu eða með lögjöfnun, sbr. og almennar reglur um sama atriði.

Kröfu um dráttarvexti er og sérstaklega mótmælt, þ.m.t. hvað upphafstíma snertir. Á engu stigi hafi stefndi verið löglega krafinn um greiðslu umþrættar kröfu og geti hún því ekki borið dráttarvexti nema í fyrsta lagi frá dómsuppsögu. Að auki, og hvað sem öðru líði, teljist dráttarvextir fyrndir eða fallnir niður fyrir tómlæti stefnanda.

IV

Stefndi byggir frávísunarkröfu sína á því að birting stefnunnar hafi verið ólöglegt. Stefnan hafi verið birt fyrir Sæmundi Sævarssyni sem staddur hafi verið á

lögheimili stefnda. Um sé að ræða varastefnuvott í Reykjavík. Stefndi telur að engin birting hafi átt sér stað á þessum tíma en bæði eiginkona hans og dóttir hafi verið heima á birtingarstund en ekki orðið varar við neina stefnuvotta.

Samkvæmt 1. mgr. 83. gr. laga um meðferð einkamála er birting stefnu lögmæt ef: „a. stefnuvottur eða lögbókandi vottar að hann hafi birt hana fyrir stefnda eða einhverjum sem er bær um að taka við henni í hans stað“. Samkvæmt 85. gr. 3. mgr. a er birting lögmæt ef birt er á lögheimili stefnda fyrir heimilismanni hans; „sé heimilismanns ekki kostur má birta fyrir þeim sem dvelst á skráðu lögheimili stefnda, en sé ekki um neinn slíkan heldur að ræða má birta fyrir þeim sem hittist þar fyrir“. Samkvæmt birtingarvottorðinu var stefnan birt fyrir Sæmundi Sævarssyni sem hittist fyrir á lögheimili stefnda. Samkvæmt 3. mgr. 87. gr. laga um meðferð einkamála telst efni birtingarvottorðs rétt þar til það gagnstæða sannast. Vitnisburður eiginkonu og dóttur stefnda um að aldrei hafi verið komið að lögheimili stefnda þennan dag hefur ekki þýðingu í ljósi tengsla þeirra.

Í vitnaframburði Sigurðar Sigurz kom fram að hann hefði tvisvar sinnum farið að heimili stefnda með stefnuna en enginn hefði verið heima. Hinn 7. apríl 2017 hafi hann enn mætt þar og hringt bjöllunni um kl. 16.15. Enginn hafi svarað. Sigurður hafi þá hringt í stefnda, sem tjáði honum að hann væri erlendis, hafi Sigurður þá tjáð stefnda um efni stefnunnar. Hann hafi í kjölfarið hringt í annan stefnuvott, Sæmund Sævarson, sem hafi komið. Sá hafi einnig hringt bjöllunni og enginn svarað. Hafi stefnan því verið birt fyrir honum og stefnan síðan látin inn um póstlúguna. Framburði Sæmundar fyrir dómi bar saman um atburðarásina eftir að hann kom á vettvang. Stefndi heldur því fram að birta hefði átt stefnuna fyrir íbúa leiguíbúðar í kjallara hússins. Sá íbúi bar fyrir dómi að hún myndi ekki hvort hún hefði verið heima eða ekki á þessu tímamarki. Ekki er fallist á að það þurfi að leita til allra er dvelja í sömu fasteign og lögheimili stefnda, áður en stefnan sé birt fyrir þeim er þar hittist fyrir, en þessi birtingarháttur stefnu hefur tíðkast lengi. Með vísan til þess sem að framan greinir verður að telja, að stefnda hafi ekki tekist að sanna að efni birtingarvottorðsins sé ekki rétt og er það niðurstaða dómsins að birting stefnunnar sé lögmæt.

Stefndi byggir kröfu sína einnig á því að krafa stefnanda sé vanreifud, sem leiða eigi til frávísunar málsins. Um málatilbúnað stefnanda verður fjallað í efnisumfjöllun um kröfu stefnanda.

Hinn 23. mars 2007 ritaði stefndi, ásamt Ólafi H. Jónssyni, undir svohljóðandi yfirlýsingu: „Við undirritaðir aðilar staðfestum hér með að við ábyrgjumst með sjálfskuldarábyrgð efndir Grænna Lausna ehf. á láni því sem félagið hefur tekið hjá Landsbanka Íslands hf. dags. 22.3.2007 og tryggt er með handveðsetningu þessari og tryggja skaðleysi Þorsteins af handveðsetningu hans.

Jafnframt ábyrgjumst við greiðslu vaxta aukans samkvæmt ofangreindri skuldbindingu Grænna Lausna ehf. dags. í dag.” Yfirlýsingin er skýr varðandi það að stefndi lofar að hann ábyrgist með sjálfskuldarábyrgð efndir Grænna Lausna ehf. á láni sem tryggt sé með handveðsetningu. Var það gert til að tryggja skaðleysi stefnanda af handveðsetningunni. Kom það einnig fram í vitnisburði Ólafs H. Jónssonar og Jónasar A. Aðalsteinssonar að yfirlýsingin hefði verið gerð í þágu stefnanda. Málsástæðum stefnda um annað er hafnað.

Þá verður að skilja framangreinda yfirlýsingu stefnda þannig að ábyrgð þeirra er gáfu hana sé in solidum, það er óskipt. Yfirlýsingin ber það á engan hátt með sér að um ábyrgð pro rata sé að ræða. Hefði svo verið hefði að minnsta kosti átt að taka það fram í yfirlýsingunni, svo sem með því að gera grein fyrir ábyrgðarhlut hvers og eins.

Af gögnum málsins er ljóst að andvirði peningamarkaðsbréfanna að fjárhæð 118.876.391 kr. rann til greiðslu lánsins. Það er tjón stefnanda og er gerð grein fyrir því í stefnu, sem og í framlögðum gögnum, og telst tjón stefnanda sannað með þeim gögnum. Fram kom í vitnisburði Ólafs H. Jónssonar fyrir dómi að hann hefði orðið gjaldþrota og engar eignir fundist í búinu og skuldir verið miklar. Því hefði það ekki haft þýðingu að lýsa kröfu í það bú.

Þá heldur stefndi því fram að stefnandi hafi fyrirgert rétti sínum til að bera fyrir sig ábyrgðina með því að sér hafi ekki verið gefinn kostur á gæta hagsmuna sinna vegna innlausnarinnar. Þessu er hafnað. Samkvæmt 15. lið í handveðsyfirlýsingunni gefur veðsali, með undirritun sinni, veðhafa, það er Landsbankanum, fullt og ótakmarkað umboð til að neyta alls þess réttar sem veðsali hefur yfir hinu veðsetta, taka við öllum tekjum eða arði er veðið gefur af sér og svo framvegis. Um víðtækt umboð er að ræða. Þannig hafði stefnandi ekki aðkomu að innlausn kröfunnar. Þá kom það fram í vitnaskýrslu Þorvaldar E. Jóhannessonar, lögmanns Landsbankans, að bankinn hefði ekki fengið í hendur handveðsyfirlýsingu þá er málið snýst um, enda verður að telja hana bankanum óviðkomandi. Því verður ekki séð hvernig gefa hefði átt stefnda kost á að tjá sig um þá fjárhæð sem rann til greiðslu lánsins frá 22. mars 2007.

Stefndi byggir á því að krafan sé fyrnd eða hún fallin niður fyrir tómlæti. Krafan sé tilkomin vegna handveðsyfirlýsingar frá 22. mars 2007. Í málinu liggur fyrir að Landsbankinn gekk að hinum veðsettu peningamarkaðsbréfum hinn 22. apríl 2013. Með því eignaðist stefnandi kröfu á stefnda byggða á yfirlýsingunni frá 23. mars 2007. Ákvæði laga nr. 150/2007 gilda því og samkvæmt 2. gr. laganna reiknast fyrningarfrestur kröfu frá þeim degi þegar kröfuhafi gat fyrst átt rétt til efnda. Almenni fyrningarfresturinn er fjögur ár. Krafan á hendur stefnda fyrndist því í fyrsta lagi 22. apríl 2017, en málið var höfðað 11. apríl 2017 og er krafan því

ekki fyrnd.

Samkvæmt gögnum málsins var stefnanda hinn 1. október 2013 tilkynnt með tölvuskeyti um að innlausn handveðsins hefði verið 137.876.391 kr. Hinn 17. október 2013 spyr stefnandi í tölvuskeyti hvað stefndi ætli að gera í málinu. Hins vegar var lítið um svör hjá stefnda. Fyrir liggur að stefnandi höfðaði gagnsök 23. apríl 2014 í máli Landsbankans gegn honum. Í gagnsökinni var látið reyna á gildi handveðsyfirlýsingarinnar gagnvart Landsbankanum hf. og krafist endurgreiðslu veðsins úr hendi Landsbankans hf. Samkvæmt dómi Hæstaréttar í málinu nr. 489/2016 hafnaði Hæstiréttur kröfunni og er dómurinn frá 30. mars 2017. Mál þetta er höfðað strax í kjölfarið. Ekki er fallist á að stefnandi hafi sýnt af sér tómlæti á meðan hann lét reyna á gildi handveðsyfirlýsingarinnar fyrir dómi. Ljóst má vera að hefði krafa hans verið tekin til greina hefði það einnig komið stefnda til góða. Á sama tíma gat stefnandi ekki haldið því fram gegn Landsbankanum að handveðsetningin væri ekki í gildi og byggt rétt sinn á henni gagnvart stefnda.

Þá byggir stefndi á því að sýkna eigi hann vegna aðildarskorts. Stefndi telur að þar sem stefnandi hafi átt í ágreiningi um eignarréttindi yfir jörðinni Vatnsenda, sbr. til dæmis dóma Hæstaréttar í málum nr. 599/2009, nr. 375/2011 og nr. 408/2016, gefi það tilefni til að draga verulega í efa að stefnandi sé réttur eigandi að jörðinni Vatnsenda og réttur viðtakandi verðmæta, t.d. eignarnámsbóta, sem fallið hafi til vegna jarðarinnar. Verulegum vafa sé undirorpið hvort stefnandi hafi nokkurn tíma verið réttur eigandi peningabréfanna, enda standi líkur til þess að bréfin séu afrakstur verðmæta sem stefnanda hafa áskotnast vegna Vatnsenda.

Stefnandi var skráður eigandi peningamarkaðsbréfa þeirra er sett voru að veði fyrir láninu 22. mars 2007. Hann þarf ekki að sanna eignarheimild sína á annan hátt. Stefndi hefur hér sönnunarbyrðina. Málsástæða stefnda um ætlaðan aðildarskort stefnanda er haldlaus.

Stefndi byggir á því að það sé verulega ósanngjarnt og íþyngjandi að ábyrgðarupphæðin sé lögð á stefnda. Stefndi byggir á því að skilyrði séu til þess að víkja skuldbindingunni til hliðar í heild eða hluta og vísar til 36. gr. laga nr. 7/1936. Stefndi telur það ósanngjarnt af hálfu stefnanda að bera fyrir sig umrædda yfirlýsingu í ljósi efnis hennar og atvika við sanningsgerð, svo og stöðu aðila og atvika sem síðar komu til, sbr. 2. mgr. fyrrnefndrar lagagreinar.

Með hliðsjón af því sem áður er fram komið er ljóst að stefnandi setti peningamarkaðsbréf sín að veði og tryggði þannig lán Landsbankans til handa Grænum lausnum ehf. og naut Silfurtún ehf. sem stefndi átti, góðs af þessari áhættu sem stefnandi tók á sig. Stefnandi var sá eini sem tók áhættu vegna lánsins. Stefnandi átti að fá sérstakan vaxtaauka vegna þessa, sem og loforð stefnda og fleiri um skaðleysi hans vegna þessa. Stefnda mátti vera ljós sú ábyrgð sem hann tók á

sig með undirritun handveðsyfirlýsingarinnar, enda vanur viðskiptum. Þá liggur ekkert fyrir í málinu um stöðu stefnda. Eins og atvikum málsins er háttað er ekki fallist á að ósannjarnt sé af hálfu stefnanda að bera fyrir sig yfirlýsinguna. Stefndi gaf loforð sem ekki er ósannjarnt að hann standi við. Þá er því hafnað að ákvæði 24. gr. skaðabótalaga hafi ekki verið beitt um viðskipti þessi enda gilda þau á svið skaðabótaréttar.

Með vísan til þess sem að framan greinir verður krafa stefnanda tekin til greina. Dráttarvextir reiknast frá 7. apríl 2013, sbr. 4. mgr. 5. gr. laga nr. 38/2001. Eftir þessari niðurstöðu og með vísan til 130. gr. laga um meðferð einkamála ber stefnda að greiða stefnanda málskostnað svo sem greinir í dómsorði.

Sigrún Guðmundsdóttir héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

DÓMSORÐ:

Kröfu stefnda um frávísun málsins er hafnað.

Stefndi, Friðrik Ragnar Jónsson, greiði stefnanda, Þorsteini Hjaltsted, 118.876.391 krónu, auk dráttarvaxta skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá 7. apríl 2017 til greiðsludags, og 950.000 krónur í málskostnað.

Sigrún Guðmundsdóttir